



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 1. mars 2018

1605117SA KB  
Málalykill: 11.42

### Efni: Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 23. febrúar 2018 var lögð fram til kynningar og umræðu drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum þar sem fjallað er um stefnumótun vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Um er að ræða fyrstu 12 ára landsáætlun og þriggja ára verkefnaáætlun sem unnar eru samkvæmt lögum, nr. 20/2016, um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarstjórnir og þá sem vinna fyrir þeirra hönd að málefnum ferðaþjónustu og ferðamannastaða til þess að kynna sér landsáætlunina og senda umsögn ef talið er tilefni til.“

Athygli er vakin á því að stefna landsáætlunar og sú forgangsröðun sem fram kemur í verkefnaáætluninni ætti enn fremur að geta nýst við gerð áfangastaðaáætlana sem einstakir landshlutar vinna nú að. Einnig er rétt að hafa í huga að ferðamannastaðir sem þarfust uppbyggingar eða verndunaraðgerða eru mun fleiri en fram kemur í þeirri verkefnaáætlun til þriggja ára sem nú er birt.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfallst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri